




Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 3	<b>Áfangalýsing FÉLA3CA05</b>	

<b>Búið til – útg.</b>	16. júní 2015
<b>Námsgrein</b>	Félagsfræði
<b>Titill</b>	Mannfræði
<b>Skammstöfun</b>	FÉLA3CA05
<b>Viðfangsefni</b>	Almenn kynning
<b>Staða áfanga</b>	Sampykkt af skóla
<b>Prep áfanga</b>	3
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	<p>Í mannfræði er manneskjan rannsökuð sem bæði dýrategund og félagslegt fyrirbæri. Í þessum áfanga er fjallað um ýmsar ólíkar nálganir mannfræðinnar að viðfangsefni sínu, mannum. Mannfræði er oft skipt upp í fjóra flokka; félagslega eða menningarmannfræði, líffræðilega mannfræði, málvísindalega mannfræði og fornleifafræði. Aðal áherslan verður lögð á félagslega mannfræði en nemendur fá einnig nokkra innsýn í nálgun líffræðilegrar mannfræði. Kynnt verða helstu umfjöllunarefni mannfræðinga og einnig fræðast nemendur um þekktustu rannsóknaraðferð mannfræðinga, þátttökuathugun. Nemendur munu kynna mismunandi menningarheimum og eiga að geta tileinkað sér afstæðishyggju sem hluta af aðferðafræði fagsins. Í því samhengi verður fjallað um mannréttindi, heilbrigði og velferð allra jarðarbúa. Meðal þess sem tekið verður fyrir er fjölbreytileiki í fjölskylduformum, kynhlutverkum, trúarhugmyndum, hagkerfum, stríðsrekstri og friðarferlum. Heildræn sýn mannfræðinnar í rannsóknum á grunnstoðum ólíkra samfélaga er höfð í forgrunni sem og mikilvægi mannfræðinnar varðandi sjálfbærni samfélaga á alþjóðavettvangi.</p>
<b>Forkröfur áfanga</b>	FÉLA2BA05
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sögu mannfræðinnar og sértækum hugtökum fræðigreinarinnar.</li> <li>• sérstöðu mannfræðinnar og helstu undirgreinum hennar.</li> <li>• helstu rannsóknaraðferð mannfræðinnar, þátttökuathugun.</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 3	<b>Áfangalýsing FÉLA3CA05</b>	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fjölbreytileika ólíkra menningarheima.</li> <li>• mikilvægi þess að allir í heiminum njóti almennra mannréttinda, heilbrigðis og velferðar óháð búsetu eða uppruna.</li> <li>• ólíkum lífstíl vestrænna ríkja og annarra og hvað við getum lært af hefðbundnum samfélögum, m.a. varðandi sjálfbærni.</li> <li>• uppruna mannsins og þróun tegundarinnar fram á okkar daga.</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• miðla þekkingu sinni á ólíkum menningarheimum bæði skriflega og munnlega.</li> <li>• framkvæma þátttökuathugun á viðfangsefni að eigin vali.</li> <li>• kynna rannsóknarniðurstöður sínar á viðeigandi hátt.</li> <li>• taka ábyrgan þátt í samræðum um mannréttindi og velferð allra jarðarbúa sem og sjálfbærni samfélaga á alþjóðavettvangi.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• bera saman rannsóknir erlendra og íslenskra mannfræðinga hérlendis og erlendis sem er metið með heimildavinnu, fyrirlestur og könnunarprófi.</li> <li>• setja fram gagnrýnið mat á þróunarhugtakinu og ýmsum öðrum hugtökum og kenningum sem er metið með könnunarprófi.</li> <li>• beita afstæðishyggju við að greina á milli ólíkra menningarheima sem er metið með verkefnavinnu.</li> <li>• sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, draga ályktanir af rannsóknarniðurstöðum sínum og rökstyðja skoðanir sínar sem er metið með rannsóknarvinnu og fyrirlestur.</li> <li>• ræða siðferðileg vandamál við helstu rannsóknaraðferð mannfræðinga, þátttökuathugun, sem er metið með umræðum og könnunarprófi.</li> <li>• leggja gagnrýnið mat á stöðu einstaklinga og samfélaga í hnattrænu samhengi með mannréttindi og sjálfbærni að leiðarljósi sem er metið með umræðum, verkefnavinnu og könnunarprófi.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	Símatsáfangi með stórum og smáum verkefnum sem tengjast m.a. málefnum líðandi stundar. Fyrirlestrar,

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	<b>Áfangalýsing FÉLA3CA05</b>	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 3 af 3		

	stuttar kynningar, könnunarpróf, rannsóknarvinna, umræður og heimildavinna.
--	---